




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hálsaskógur

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	11
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	14
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans	14
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
7.	Foreldrasamstarf	16
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
9.	Þróunarverkefni.....	18
10.	Fylgiskjöl:	20
10.1	Innra mat yngri barna deildar - Furulundar 2025-2026	20
10.2	Umbótaáætlun Furulundar 2026-2027	21
10.3	Innra mat eldri barna deilda – Grenilundar og Birkilundar	24
10.4	Umbótaráætlun Grenilundar og Birkilundar 2026-2027	25
10.5	Umsögn foreldraráðs.....	29





1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025-2026 hófst með hveli í Hálsaskógi þar sem framkvæmdir á lóðinni við Hálsakot hófust daginn fyrir opnum með tilheyrandi raski á útiveru barnanna. Staðan var því þannig að framkvæmdir voru enn í gangi í Hálsaborg og yfirflot var af börnum í Hálsakoti. Haustið var krefjandi fyrir leikskólastarfið í heild þar sem ýmislegt kom upp á sem hefði mátt koma í veg fyrir með aukinni samvinnu sviða. Við byrjuðum skólaárið með 4 deildir í Koti og klárum skólaárið með 3 deildum í Borg. Þess vegna er starfsáætlun unnin í aukinni samvinnu deilda og sjáum við hag af því til framtíðar.

Flutningar yfir í nýuppgerða Hálsaborg fóru fram 5. febrúar 2026 og gengu vonum framár. Samvinna við foreldra var góð og skipulag gekk eftir og afar vel. Auðvitað komu upp ýmis mál á leiðinni en starfshópurinn var samtilltur og vann vel saman í þessu verkefni. Mikið endurmat hafði átt sér stað fyrir flutninga og í tengslum við vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og aukið flæði í daglegu starfi ákváðum við að hefja þá vegferð að vera með matstofu fyrir öll börn leikskólans. Færri borð eru því inni á deildum til að skapa aukið leikrými fyrir börnin og salur skólans nýttur í matstofu sem allar deildir taka þátt í og við nýtum í öllum máltíðum dagsins. Við litum til reynslu annarra leikskóla og unnum út frá því okkar eigin áætlun sem hefur skilað sér vel inn í starf leikskólans.

Nú er húsnæði Hálsakots í skoðun og verið að meta umfang framkvæmda sem þurfa að fara fram þar. Við erum því enn að reka hálfan leikskóla og njótum þess að vera í nýuppgerðu húsi með góða lóð. Við getum þó sett út á starfsmannaráýmið í nýju Hálsaborg en afar þröngt er um starfsmenn í húsinu og því miður og verð ég enn og aftur ítreka það í áætlun þessari að starfsmannaaðstaða verði bætt í Hálsaskógi. Nú skapast tækifæri þegar Hálsakot fer í framkvæmdir að huga vel að þessu og óska ég eftir samráði þegar það liggur fyrir hvað gera þarf fyrir húsnæðið.

Starfsmannhópur Hálsasskógar hefur verið nokkuð stöðugur á þessu skólaári með fáum nýráðningum og er ég þakklát fyrir traustið sem mér hefur verið sýnt í gegnum óvenjulegt starfsár leikskólans.

Við höfum náð að kjarna okkur á skólaárinu og endurmatið sem fram hefur farið hefur að miklu leiti snúið að því að minnka álag og leggja áherslu á gæði fram yfir magn.



Nokkrar myndir út starfi vetrarins:



Haustið hófst með hveli.

Við gengum yfir í hinn garðinn í útiveru.



Framkvæmdir og leikskólastarf einkenni árið.




Þann 5. febrúar
fluttum við í nýju
Hálsaborg 😊

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Áherslur leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Heildrænt starf metið með öllum deildum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk deilda út frá bæði flæði starfs og áhuga barnanna.
Helstu niðurstöður mats	Verkefni eru of mörg og út frá því unnu deildir endurmats demant þar sem verkefnum var forgangsraðað. Við viljum fremur leggja áherslu á gæði fram yfir magn. Við erum með of mörg verkefni í gangi og viljum kjarna okkur betur í faglegu starfi. Styrkleikar okkar snúast að gamalgrónum verkefnum sem hafa þróast yfir langan tíma hjá okkur. Við erum grænánaleikskóli og út frá mati deilda viljum við halda í þá góðu hefð sem hér hefur skapast í grænánastarfinu en komið hefur í ljós í samtölum við starfsfólk að nýtt þema á 2 ára fresta þarf ákveðna hvíld núna. Þemu grænánastarfsins eru í samvinnu við Landvernd og snýst í stórum dráttum um umhverfismenntun ungra barna. Við viljum hlúa að því góða starfi sem hefur fest sig í sessi með grænánavinnunni og taka því hlé í nýjum þemum í bili. Tækifæri okkar eru að leggja aukin metnað í þau verkefni sem við metum mikils og læra að sleppa tókum á verkefnum sem skapa óþarfa álag í starfinu. Þannig munum við markvisst draga úr kröfum á þeim sviðum sem virðast ekki gagnast okkur til hagsbóta fyrir leikskólastarfið í heild. Varðandi önnur verkefni og stefnur sem leikskólinn starfar eftir komumst við að ákveðinni niðurstöðu sem raðar verkefnum leikskólans í demant eftir mikilvægi. Allt starfsfólk tók þátt í matinu.



Styrkleikar okkar liggja klárlega í mjög öflugri skráningu og ferilmöppum barnanna sem trónir hæst samkvæmt matinu.

Tækifæri til umbóta er klárlega að efla fræðslu til starfsfólks í Uppeldi til ábyrgðar og vinna betur út í allan hópinn með barnasáttmálann (UNICEF).

Regnbogavottun snýst um virðingu fyrir margbreytileika í samfélaginu og teljum við nóg að vinna með það út frá réttindaskóla Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem fjallað er um réttindi allra barna. Munum við því ekki uppfæra aðgerðaráætluun Regnbogavottunar á því formi sem við höfum áður gert en gætum þó áfram að jafnrétti óháð kyni og kynhneigð.

Læsisverkefni eru í mikilli þróun og þá sérstaklega með allra yngstu börnunum sem er virkilega ánægjulegt. Við viljum halda áfram að vinna að því sem vel gengur og starfsfólk með yngstu börnunum hefur sýnt það og sannað að verkefni upp úr efninu Orð eru ævintýri eru að virka vel og hefur þar að auki þverfaglega nálgun þar sem fléttast saman læsisvinna, sköpun, útivera og leikur. Ný verkefni eins og *Kynslóðir tengjast* og *Tilfinningaverkefnið* eru verkefni í þróun og liður í því að nýta áhuga og þekkingu þess starfsfólks sem starfar við leikskólann núna.





Hvað var matið?	Barnasáttmálinn
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram samtölum, með UNICEF á Íslandi og mati á einstökum verkefnum út frá markmiðum sem sett voru í upphafi.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk, börn og foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður eru að við erum nú orðin réttindaskóli UNICEF eftir að úttekt fór fram í byrjun maí. Í úttektinni var rætt við stýrihóp og verkefnisstjóra innleiðingar verkefnisins, leikskólastjóra, fulltrúa starfsmanna og fulltrúa foreldra. Við lítum á innleiðinguna sem eins konar hatt yfir heildarnálgun okkar og sjáum tækifæri til framfara þó að margt hafi unnist. Hugmyndaauðgi starfsmannahópsins hefur fengið að blómstra og nú á vordögum tókum við þátt í Barnamenningarhátíð af fullum krafti með það að markmiði að láta markmið verkefnisins skína í gegn. Að okkar mati tókst það vel og erum við á góðri vegferð í þessari mikilvægu vinnu með börnunum. Tækifæri til umbóta er að vinna betur með barnasáttmálann út í allan starfsmannahópinn. Vinnan krefst þess að starfsfólk kynni sér áherslurnar og skilji betur til hvers er ætlast af þeim. Það er hlutverk stjórnenda og verkefnisstjóra innleiðingar að auka gildi vinnunnar út í hópinn í heild.





Hvað var matið?	Flæði í daglegu starfi
Hvernig fór matið fram?	Með starfsfólki á deildastjórafundum og deildarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk og börn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Flæði hefur aukist með tilkomu matstofu en algjör sátt í starfsmannahópnum hefur ekki náðst um einstaka þætti. Við höfum ekki náð því markmiði að gera útiveru barnanna meira flæðandi þannig að börnin hafi meira val um það hvenær þau njóta útiveru. Styrkleikar okkar eru að við höfum nú rýnt í frjálsa leikinn sem var markmið okkar frá síðustu starfsáætlun. Starfsfólk er opnara fyrir þátttöku í leik og flæði inni á deildum er orðið töluvert. Í kjölfar opunnar matstofu og fækkun borða inni á deildum hefur skapast öðruvísi andrúmsloft og breyttur taktur inni á deildum. Hvort það er meira afslappað fer eftir deildum en við metum það svo að samvinna við starfsfólk er algjör grundvöllur fyrir vel heppnaðri innleiðingu. Við þurfum að læra betur að grípa tækifærin þegar þau gefast, leggja áherslu á minni hópa og leyfa leiknum að njóta sín. Til þess þarf að auka sveigjanleika innan dagskipulags og starfshópar þurfa að vinna vel saman þar sem hver og einn getur átt frumkvæði að lausnum. Við sjáum tækifæri til áframhaldandi þróunar og sjáum ýmislegt eftir þetta ár þar sem húsnæðismál haf sett stórt skarð í starfið. Kannski þurfum við að bakka með einhverja þætti sem við lögðum upp með og stefnum að því að rýna þetta betur út frá dagskipulaginu og þeim megin þáttum sem við leggjum áherslu á.






Ytra mat

Hvað var metið?	Stofnun ársins 2025 – starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Með könnun sem send var starfsfólki í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Því miður var nokkuð dræm þátttaka í könnun starfsfólks (Stofnun ársins) sem gerð er á vegum stéttarfélags Sameykis. Svarhlutfall var 50 %. Könnunin kom í heildina mjög vel út en hér má sjá hæstu og lægstu 5 þætti samkvæmt mati starfsfólks. Hæstu 5 þættir - Hvatning og stuðningur frá næsta yfirmanni - Ég get leitað til næsta yfirmanns - Næsti yfirmaður virðir starfsfólk - Það er skýrt til hvers er ætlast af mér - Ég ber fullt traust til stjórnenda Lægstu 5 þættir - Ánægja með loftgæði - Ánægja með hljóðvist - Ánægja með vinnurými - Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu - Ánægja með launakjör Út frá þessu sést greinilega að starfsaðstæður starfsfólks Hálsaskógar litar niðurstöður könnunar þar sem við höfum gengið í gegnum óviðunandi vinnuaðstæður í allt of langan tíma og af heildarmati má sjá hvað þátturinn um vinnuskilyrði dregur okkur niður.



Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði



Á þessu skólaári kláruðum við Nordplus verkefnið Eureka – learn by playing í samstarfi við Litháen, Eistland og Svíþjóð.

Hér má sjá gestina sem komu í heimsókn til okkar í október 2025:





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæði starfs
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Við viljum auka flæði innan dagskipulagsins með markvissum hætti og gefa börnunum þar af leiðandi aukið frelsi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við þurfum að meta aðstæður hverju sinni og nýta t.d. útiveru allan daginn með öllum börnum. Hingað til hafa yngri börnin farið í útiveru fyrir hádegisdag og þau eldri eftir hádegisdag. Til að minnka hópa inni á deildum viljum við auka áherslu á að dreifa útiveru yfir allan daginn án þess að það hafi áhrif á gæði starfsins.
Ábyrgð	Stjórnendur og starfsmenn deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metum reglulega á deildarfundum, deildastjórafundum og með börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á starf deilda að sýna sveigjanleika innan skipulags starfs? Gerum úttekt bæði á upplifun starfsmanna á deildum og barna. Hvað stundir viljum við festa og hvernig getum við stýrt flæðinu þannig að það hafi jákvæð áhrif á starf allra deilda.



**Stjórnun- uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur-**

innra mat

**Umbótapáttur/matspáttur(t.s.
stjórnun, uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur, innra
mat)**

Áhersla á gæði fram yfir magn

**Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri
er stefnt að?**

Við viljum kjarna okkur betur og stefnum á að því að fækka
boltum á lofti og njóta þannig starfsins betur með
börnunum.

**Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að
framkvæma það?**

Fylgja eftir endurmati sem unnið var með öllu starfsfólki og
ná að sigta frá það sem gagnast okkur ekki og auka þannig
gæði starfs í leikskólanum.

Ábyrgð

Stjórnendur

**Hvenær hefst og hvenær eru áætluð
lok?**

Haust 2026-vor 2027

**Hvenær og hvernig á að meta?
Hvaða aðferðir á að nota við matið
(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,
viðtal við börn)**

Metum reglulega á deildarfundum, deildastjórafundum.
Meta með öllu starfsfólki á starfsmannafundi og fara vel
yfir áhrif á starfið í heild og sérstaklega þá þætti sem of
mörg verkefni hafa á álag í starfi.

**Viðmið um árangur-Viðmið er
gæðalýsing og/eða mælikvarði sem
stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði**

Að minnka álag á starfsfólk með því að halda í verkefni
sem gengið hafa vel og draga úr verkefnum sem auka álag
og gagnast ekki starfinu.



*Hálsaskógur hlaut viðurkenningu réttindaskóla Barnasáttmála
Sameinuðu þjóðanna þann 11.júní 2026.*

**Stjórnun- uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur-**

innra mat

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vinnurammi fyrir starfsfólk / starfið
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Við viljum halda áætlun betur með ákveðna þætti starfsins þar sem allt starfsfólk er betur upplýst um framvindu starfsins innan leikskólaársins þannig að ekkert komi á óvart og að öll ná að undirbúa sig vel.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fylgja eftir endurmati á stjórnendafundi þar sem rætt var um að setja upp skólaárið í dagatal og hvenær þarf að sinna hinum ýmsu þáttum og undirbúa verkefni í tíma.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metum á stjórnendafundum. Erum við betur að ná utan um starfið og halda áætlunum? Dæmi er að við höfum undanfarin ár verið á síðustu stundu með foreldraviðtöl sem hafa dregist allt of langt inn í skólaárið.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmið er að ná að haka í boxin í þeim mánuði sem verkefni á að eiga sér stað í starfinu. Dæmi: Fylla út hæfniramma, skráning í ferilmöppu, HLJÓM skimun o.s.frv.



„Holtið okkar“ Grenndarsvæði sem við nýtum í útinámi barnanna.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í nóvember 2025 þar leikskólastjóri settist niður með hverjum og einum. Áherslur samtalsins að þessu sinni voru starfslýsingar, álag í starfi, líðan og ósk um starfsþróun. Flestum fannst starfslýsing síns starfs ríma við starfið sitt en fróðlegt var þó að heyra mismunandi svör og leikskólastjóra fannst gott að opna á umræðuna um ábyrgð og samstarf út frá starfslýsingum mismunandi starfa í leikskólanum. Álag þótti fólki annað hvort hæfilegt eða of mikið og tekið er mið af því í endurmati sem fram kemur í áætlun þessari.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Út frá endurmati starfsmannahópsins sjáum við að endurmenntun á uppeldisstefnunni sem við styðjumst við Uppeldi til ábyrgðar þarf að koma inn strax í haust. Við viljum viðhalda þeim áherslum sem við lögðum upp með en líka skoða hvernig má vinna betur með áherslunar inn í barnahópinn. Við stefnum því á námskeið í upphafi næsta leikskólaárs og áhugavert væri að heimsækja aðra leikskóla sem starfa eftir stefnunni.

Við viljum efla okkur enn frekar í uppeldisfræðilegum skráningum og læra betur að sjá tækifærin í daglegu starfi með börnunum.

Eftir erilsamt leikskólaár með flutningum, opnun nýs húss og lokun annars húss vitum við að það þarf að hlúa að starfsmannahópnum. Við stefnum á námsferð erlendis 2027 og er stefnan tekin á Berlín. Þar munum við sækjast í námskeið sem snýr að núvitund starfsfólks og hvernig má takast á við breytingar og streitu sem breytingum fylgja. Einnig munum við heimsækja leikskóla og kynna okkur hvernig má vinna skapandi starf með börnunum með náttúrulegum efnivið sem við tengjum beint inn í útinámið.

Þau verkefni sem hafa blómstrað hjá okkur þetta skólaár eru Kynslóðir tengjast, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, læsisverkefnið á yngstu deild og tilfinningaverkefnið sem unnið var með litlum hópi á Birkilundi. Við viljum nýta mannauðinn í húsi og vinna út frá styrkleikum hvers og eins. Við viljum þróa þessi verkefni áfram á komandi leikskólaári og koma þekkingunni betur út í allan starfsmannhópinn með fræðslu á skipulagsdögum.

Grænfánastarfið verður tónað niður á komandi skólaári þar sem við munum leita tilbaka í grunngildin okkar í Hálsaskógi sem snúast um umhverfismennt ungra barna og því að kynnast nærumhverfi leikskólans, flokkun sorps, endurnýtingu, ræktun og matarsóun.



6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf á milli skólastiga í Seljahverfi hefur verið í nokkuð föstum skorðum síðastliðin ár en stjórnendur hittast að hausti og skipuleggja skólaárið fram í tímann.

Dagsetning og tími	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
September	Samráðsfundur stjórnenda	Suðurmiðstöð	Leikskólastjóri
September	Deildastjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1.bekkar funda.	Seljaskóli	Stjórnendur
Október	Fyrirverandi leikskólanemendur koma í heimsókn í leikskólann „sinn“.	Hálsaskógur	Deildastjórar
Nóvember	Heimsóknir elstu barna í grunnskólana hefjast.	Seljaskóli og Ölduselsskóli	Deildastjórar elstu deilda
Nóvember	Nemendur úr 7.bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir leikskólabörn á Degi íslenskrar tungu.	Hálsaskógur	Deildastjórar elstu deilda
Febrúar	Önnur heimsókn leikskólabarna í grunnskólana	Seljaskóli og Ölduselsskóli	Deildastjórar elstu deilda
Mars	Skólastjórnendur hittast og ákveða sameiginlega skipulagsdaga komandi leikskólaárs.	Teams	Leikskólastjóri
Maí	Elstu börnin fara í þriðju heimsókn í	Seljaskóli og Ölduselsskóli	Deildastjórar elstu deilda



	grunnskólana með foreldrum sínum.		
Maí	Skilafundur á milli leik- og grunnskóla / frístundar	Seljaskóli og Ölduselsskóli	Aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar elstu deilda

Við höfum líka átt gott samstarf við skólabókasafnið í Seljaskóla og farið með hóp þangað í lestrarstundir.

7. Foreldrasamstarf

Við höldum áfram að leggja áherslu á gott foreldrasamstarf og óskum eftir góðri tengingu inn í foreldrahópinn. Við höldum kynningarfund fyrir foreldra nýrra barna að sumri og leggjum áherslu á opin samskipti í báðar áttir. Haustfundir deilda eru haldnir í september þar sem farið er yfir áherslur deilda, dagskipulag og fleira sem tengist starfi leikskólans í heild.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á hverju skólaári, í október/nóvember og í apríl/maí. Auk þess viljum við að foreldrar óski alltaf eftir fundi með okkur telji þeir ástæðu til.

Foreldraráð er starfandi og virkt í Hálsaskógi. Í foreldraráði eru foreldrar sem hafa það hlutverk að styðja við starfið á víðum grundvelli. Á þessu skólaári hefur foreldraráð gefið endurgjöf á skólanámskrá Hálsaskógar, sent fulltrúa frá sér á fundi vegna kynningar á nýrri Reykjavíkurlíði í leikskólamállum og tekið þátt í úttekt leikskólans vegna viðurkenningar sem Réttindaskóli UNICEF.

Á haustfundum foreldra ár hvert er kosið um fulltrúa í foreldraráð hverju sinni og áhugasamir bjóða sig þá líka fram í foreldrafélag Hálsaskógar.



Foreldrafélag Hálsaskógar er virkt og stendur árlega fyrir jólagjöfum, jólasveinum, leiksýningum, sveitaferð og öðrum upptökum í leikskólanum. Á sumarhátíðum hefur skapast sú hefð að bóka Krakkahesta annað hvert ár og leiksýningu hitt árið. Mjög mikil ánægja hefur verið með foreldrafélagið og þeirra vinnu.



8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar leikskólaársins 2026-2027 eru eftirfarandi:

- Miðvikudagur 30. september – sameiginlegur í Seljahverfi
- Föstudagur 20. nóvember – sameiginlegur í Seljahverfi
- Föstudagur 5. febrúar
- Þriðjudagur 27. apríl – sameiginlegur í Reykjavík
- Miðvikudagur 16. júní – Námsferð starfsfólks Hálsaskógar
- Föstudagur 18. júní – Námsferð starfsfólks Hálsaskógar

Hér má sjá leikskóladagatal fyrir 2026-2027:

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: **Leikskólinn Hálsaskógur**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M Farsældarvika	1 F	1 L Verklýðisdagurinn	1 Þ	1 F Hálsaskógur 16 ára
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ Farsældarvika	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M Frídagur verslunarme	3 F	3 L	3 Þ	3 F Jólavéskabí	3 S	3 M	3 M Farsældarvika	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F Farsældarvika	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Skipulagsdagur	5 F Farsældarvika	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Brettandinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F Uppstigningardagur	6 S Sjómanna dagurinn	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S Dagur tónlistarskólans	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S Baráttudagur gegn Sjálfeyðingu	8 Þ	8 F	8 M Bolludagur	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M Öskudagur	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S Fæðingardagur (HT)	11 M	11 F Jólabbill	11 M	11 F Dagur íslensks náttúrufræðisins	11 F	11 S	11 Þ	11 F Sumarhátíð	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur stærðfræðinn	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Dagur íslenskrar nátt	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M Skipulagsdagur	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Ljósveksidagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F Rauður dagur	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F Skipulagsdagur	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F Skipulagsdagur	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M Fjölskyldukaffi	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - upphaf	21 S Pálmasunnudagur	21 M	21 F Umhverfisdagur	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F Skráningardagur	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur - upphaf þorrs	22 M Vetrarfrí	22 M Skráningardagur	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F Skráningardagur	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ Skráningardagur	23 Þ Skráningardagur	23 F Umhverfisdagur	23 S	23 M	23 F
24 M Skólasetning grunnsk	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M Skráningardagur	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Jólardagur	25 M	25 F	25 F Skírdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L Evrópski tungumálið	26 M Skráningardagur	26 F	26 L Annar í jölum	26 Þ	26 F	26 F Föstudagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Skipulagsdagur MSN	27 F Útskrift elstu barna	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Skráningardagur	28 F	28 S	28 S Páskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ Skráningardagur	29 F Þorakaffi		29 M Annar í Páskum	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M Skipulagsdagur	30 F	30 M	30 M Skráningardagur	30 L	30 Þ	30 F Skógardagurinn	30 S	30 S	30 M	30 F
31 M		31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		31 L

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir þessa skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfríis og skráningardagur eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að hófu samráði við starfsmenn og foreldrað viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Kynslóðir tengjast	Krizstína á Suðurmiðstöð, Leikskólinn Hraunborg, Seljahlíð og félagsstarf aldraðra í Gerðubergi.	Sóttum um styrk í B-hluta menntastefnu en hlutum ekki að þessu sinni.

Um verkefnið *Kynslóðir tengjast*:

Markmið verkefnisins er að byggja upp sterkari tengsl á milli kynslóða með reglubundnum heimsóknnum leikskólabarna til eldri borgara. Með þessu skapast kærleiksríkt og lærdómsríkt umhverfi sem hefur jákvæð áhrif á báða hópa.

Verkefnið stuðlar að:

- Félagslegri virkni og gleði hjá eldri borgurum
- Aukinni samkennd, virðingu og samskiptahæfni leikskólabarna
- Betri samhæfingu og hreyfigetu með léttum æfingum og leikjum
- Skemmtilegri og fjölbreyttari dagskrá í leikskólum og í félagsstarfi aldraðra.

Við höfum virkilega notið þess að taka þátt í verkefninu viljum halda áfram að þróa það í samstarfi við samstarfsaðila.



Annað verkefni sem við erum að þróa er Tilfinningaverkefnið undir stjórn sérkennslustjóra Hálsaskógar Carolina Schindler.

Tilfinningaverkefnið er listrænt verkefni sem miðar að því að kenna leikskólabörnum á tilfinningar sínar í gegnum skapandi vinnu. Verkefnið átti sér farsæla sögu árið 2022/2023 þegar því var stýrt í fyrsta skipti í Hálsaskógi og hlaut það hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar. Á vorönn 2026 var verkefnið aftur keyrt í samtals 12 vikur, frá mars til júní, með fimm börnum í elsta hópnum á Birkilundi.

Í verkefninu var áhersla lögð á að skoða, syngja og lesa um fjölbreytt tilfinningaorð, sem hjálpaði börnunum að stækka tilfinningaorðaforða sinn í gegnum samræður. Rætt var um persónulega tilfinningareynslu og hvernig tilfinningar gætu fengið persónubundið form og liti. Börnin urðu meðvitaðri um tilfinningar sínar og lærðu að tjá þær í gegnum alls kyns listefnivið. Skapandi vinna með fjölbreyttan listefnivið reynist börnum oft auðveldari en hrein orðræða. Að lokum var það sem skapað var notað í leik þar sem börnin æfðu sig í að ná meiri stjórn á tilfinningum sínum í stað þess að upplifa þær sem yfirþyrmandi.





10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat yngri barna deildar - Furulundar 2025-2026

Styrkleikar

Við komumst að því þetta skólaárið að okkar styrkleikar eru fyrst og fremst aðlögunarhæfni og hæfni til að komast yfir þær hindranir sem á okkar vegi stóðu þetta árið. Bæði börn og starfsfólk hafa sýnt allar sínar bestu hliðar í gegnum þennan tíma.

Herra Níels stendur alltaf fyrir sínu, hann er mjög vinsæll á deildinni og standa börnin sig ótrúlega vel í að segja okkur frá hvað þau gerðu saman heima. Einnig hefur Lubbi verið fastagestur hjá okkur og gengur það verkefni alltaf jafn vel. Þessi verkefni munum við að sjálfsögðu halda áfram með. Lestur á bókum er eitt það skemmtilegasta sem við gerum á Furulundi, börnin hafa mjög gaman af því að hlusta hvort sem það er í hóp eða einstaklingslega. Lestur kemur við sögu oft á dag á hverjum degi á Furulundi.

Tækifæri

Okkar tækifæri til umbóta á næsta skólaári verður það að útinámið mun verða fast á dagskrá með litlum hópum og hópstjórum. Reiknum með að hver hópur fari í útinám a.m.k. einu sinni á tveggja vikna tímabili. Eins ætlum við að virkja demantaaðferðina. Það er aðferð sem notuð er til þess að meta hvað börnunum finnst skemmtilegast. Hægt er að meta margt, eins og að meta hvaða dót er skemmtilegast, hvaða útisvæði er skemmtilegast og fleira.

Við höfum svo verið að prófa læsis verkefnið Orð eru ævintýri og ætlum að halda því áfram næsta vetur af fullum krafti. Þá eru fyrir fram ákveðin þemu sem við tökum fyrir í hverjum mánuði og metum við með skráningu hver þekking barnanna er í byrjun og lok tímabils hvers þema. Prufutíminn hefur gengið mjög vel og erum við spennt að halda þessu áfram á næsta skólaári.



10.2 Umbótaáætlun Furulundar 2026-2027

Deild/aldur barna	Furulundur Árgangur 2023 og 2024
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefna að því að öll börn fari í útinám einu sinni á tveggja vikna fresti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipta börnunum í hópa, festa einhverja daga vikunnar í útinám og að ákveðnir kennarar verði með hvern hóp.
Ábyrgð	Deildarstjóri hefur yfirumsjón með útináminu en kennarar hvers hóps bera líka ábyrgð á sínum hóp.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Kennararnir ræða saman á deildarfundum einu sinni í mánuði, notum einnig skráningar úr útináminu og tölum við börnin.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Munum prenta út skipulag með nöfnum barnanna og þá verður merkt við með dagsetningu hvenær börnin fóru í útinám.





Deild/aldur barna	Furulundur Árgangur 2023 og 2024
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Demantaaðferðin
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnum á að gera a.m.k. 2 demanta á önn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skrifum ákveðnar dagsetningar í dagbókina til að minna okkur á demantagerð. Ákveðið á deildarfundum hvað við ætlum að meta með næsta demanti og deildarstjóri skipar einn starfsmann í það verk.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í byrjun október, desember, febrúar og apríl verður gerður demantur. Þá eru prentaðar út myndir af því sem við ætlum að meta. Börnunum eru sýndar myndirnar eitt í einu og þau sýna okkur hvað þeim finnst skemmtilegast. Skráum niður niðurstöður og búum til „demant“ úr myndunum, það sem er efst er skemmtilegast og það sem er neðst er síst.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ef allt gengur að óskum þá ættum við að eiga a.m.k. 4 demanta eftir skólaárið og er það okkar mælikvarði um árangur.





Deild/aldur barna	Furulundur Árgangur 2023 og 2024
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi – Orð eru ævintýri
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt að því að taka eitt þema í hverjum mánuði og gera skráningu út frá orðaforða og myndaskráningu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gerð verður námsætlun fyrir hvert þema og fer öll deildin eftir henni. Lesum bækur um þemað, gerum listaverk út frá þemanu, förum í leiki tengd þemanu og setjum myndir á veggina sem vekja alltaf upp umræður barnanna.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð á námsáætlun en öll deildin vinnur saman að verkefninu.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metum verkefnið á deildarfundum jafnt og þétt yfir árið. Skráum niður hvað við gerðum og hvað gekk vel / ekki vel.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Okkar viðmið um árangur er ef börnin hafa meiri og betri orðaforða um þemun okkar í lok hvers tímabils.



10.3 Innra mat eldri barna deilda – Grenilundar og Birkilundar

Styrkleikar

Þrátt fyrir að við höfum flutt í nýtt húsnæði í febrúar og með því hafi fylgt ýmislegt rask, finnst okkur hafa gengið vel að halda starfinu okkar áfram. Við höfum náð að halda deildunum gangandi og viðhalda þeim þáttum sem skipta okkur máli í daglegu starfi, eins og vinnustundum, útinámi og föstu dagskipulagi.

Starfsfólk hefur sýnt mikinn sveigjanleika og samvinnu á þessu tímabili og lagt sig fram um að skapa börnunum öryggi og stöðuleika þrátt fyrir breytingarnar. Við teljum það vera einn af okkar helstu styrkleikum að geta aðlagð okkur nýjum aðstæðum án þess að missa sjónar á því sem skiptir mestu máli í starfinu með börnunum.

Samhliða þessu hafa nýir þættir í starfinu fengið aukið vægi. Má þar nefna matstofuna, sem hefur skapað ný tækifæri til sjálfstæðis, samskipta og notalegra samverustunda, og frjálsa leikinn sem hefur fengið meira rými í daglegu starfi. Við sjáum að þessi aukna áhersla styður vel við áhuga,

Tækifæri

Þrátt fyrir að við teljum vel hafa gengið miðað við þær raskanir sem voru vegna flutninga er alltaf eitthvað sem mætti bæta. Vel hefur tekist að auka vægi frjálsa leiksins í daglegu starfi en næsta skref er að efla þátttöku starfsfólks í leik barna, auka viðveru á gólfi og styrkja hlutverk starfsmanna sem virka þátttakendur í leik með börnunum.

Lubbastundir hafa verið reglulegur þáttur í starfinu. Tækifæri eru til að auka fjölbreytni í verkefnum tengdum Lubba og tryggja að þau séu betur aðlöguð að aldri, þroska og áhugasviði barnanna.

Við settum málörvun og sögugerð í umbótaráætlunina okkar þar sem við teljum að alltaf er hægt að gera betur tengt málörvun og þar kemur sögugerð sterkt inn. Efla vinnu með málþroska barna með fjölbreyttum aðferðum þar sem leikur, sögugerð, lestur og Lubbi tengjast.

10.4 Umbótaráætlun Grenilundar og Birkilundar 2026-2027

Deild/aldur barna	Árgangur 2020 , 2021 og 2022 Grenilundur og Birkilundur
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka málþroska og tilfinningu barna fyrir íslenskunni í sinni víðustu mynd.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa Lubbastundir einu sinni í viku þar sem ákveðið málhljóð er tekið fyrir, vinna með málhljóð vikunnar með skipulögðum hætti og í leik. Setja upp hygmyndabanka tengt Lubba. Hafa hvert málhljóð sýnilegt og búa til Lubbahringi fyrir hvert málhljóð þar sem sett verða inn nöfn á hlutum sem byrja á málhljóðinu. Setja í póst til foreldra hvaða málhljóð er verið að vinna með og líka fram í fataklefa.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir, endurmat deildar í maí 2027. Rýnihóp með elstu börnunum þar sem þau segja hvernig þeim finnst þetta ganga.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	- Lubbastundir fara fram reglulega samkvæmt skipulagi - Börn taka virkan þátt í Lubbastundum - Börn þekkja og nota hljóð sem unnið hefur verið með.



Deild/aldur barna	Árgangur 2020 ,2021 og 2022 Grenilundur og Birkilundur
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Þátttaka starfsmanna í leik með börnunum
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Starfsfólk taki virkari þátt og sé meira í leiknum með börnunum í stað þess að vera áhorfendur af leik barnanna. Starfsfólk sé meira í hæð barnanna eins og þegar þau leika sér á gólfinu að starfsfólk sitji þá á gólfinu með þeim.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk finni sér leiðir til að vera meira með í leik barnanna. Setja upp skipulag í byrjun dags þar sem starfsfólki er raðað á svæði á deildinni og það tekur þátt í leik þeirra barna sem þar eru.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og endurmat deildar í maí 2027
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	- Starfsmenn taka virkan þátt í leik barna daglega - Athuganir og skráningar sýna að starfsmenn taka virkan þátt í leik barna daglega - Börn leita oftast til starfsmanna í leik og samskipti



Deild/aldur barna	Árgangur 2020, 2021 og 2022 Grenilundur og Birkilundur
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun/ sögugerð
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Börn öðlist hæfni og vilja til að eiga árangursrík og jákvæð samskipti, auka samkennd og tilfinninga þroska barna bæði fyrir sér og öðrum. Efla félagsleg samskipti og tjáskipti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna markvisst með verkefnið Orð eru ævintýri. Vinna meira með sögugerð í smærri hópum. Fjölbreytt verkefni sem tengist málörvun.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	- Málörvunarstundir og sögugerð fara fram reglulega samkvæmt áætlun - Skráning sýna aukna þátttöku barna í málörvun og sögugerð - Starfsmenn nýta markvisst málörvun í daglegu starfi.





F. h. leikskólans Hálsaskógar

Bryndís Björk Eyþórsdóttir 20.06.2026

Staðgengill leikskólastjóra Dagsetning





10.5 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Hálsaskógur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Írena Guðlaugsdóttir

Guðbjörg Ásta Jónsdóttir

Agnes Ósk Guðjónsdóttir

Lára Hilmarsdóttir



Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Gott samræmi er milli starf leikskólans á liðnu skólaári og starfsáætlunnar sem lýst er hér. Hálsaskógur hefur markað sér sérstöðu fyrir fjölda jákvæðra þátta í daglegu starfi með börnunum, sem foreldrar og foreldraráðið hefur verið ánægt með. Þar á meðal má nefna ríka áherslu leikskólans á útiveru, útinám og náttúruna auk metnaðarfullrar vinnu með verkefni sem tengjast læsi og málþroska barna. Þar ber að nefna verkefni á borð við Herra Níels, Lubbastundir og lestur bóka sem mikið er um í leikskólanum. Foreldraráðið lýsir yfir mikilli ánægju með þessi verkefni og áform starfsfólks leikskólans um að skerpa enn frekar áherslur á þessi þemu sem einkennt hafa skólastarfið, eða eins og það er orðið í starfsáætluninni – að leggja frekar upp með gæðum frekar en magni. Rannsóknir og umfjöllun um skólamál á Íslandi hafa leitt varpað enn skýrara ljósi á mikilvægi læsis og málþroska barna við ungan aldur sem grundvallar undirstöður fyrir árangur og farsæld í frekari menntun og lífsgæðum almennt. Því telur foreldraráðið mikilvægt að leggja áherslu á uppbyggilegar og árangursríkar aðferðir sem leikskólinn hefur byggt upp yfir árin, t.d. útinámið og Herra Níels, til jafnvægis við frjálsan leik barna.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er vel unnin og er bæði aðgengileg og auðlesanleg. Betur mætti gera grein fyrir ákveðnum verkefnum og áherslum sem nefndar eru, til dæmis Grænfánaverkefni leikskólans og hvað er átt við með flæði inn á deildum. Ekki er víst að allir viti hvernig Grænfánastefna leikskólans birtist í daglegu starfi eða hvernig túlka eigi flæði. Sama má segja um verkefnið tengt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, gera mætti betri grein fyrir því verkefni og í hverju það fólst fyrir börnin á leikskólanum.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Sjá svar að ofan.



Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Stjórnendur leikskólans og starfsfólk hefur sýnt mikla þrautseigju og lausnamiðað viðhorf í gegnum mikið húsnæðisrask undanfarin ár og sem stendur í raun enn yfir.

Afar jákvætt er að sjá háa einkunn starfsfólks hvað varðar stjórnun sem mælist 4,68 hjá Hálsaskógi borið saman við 4,35 að meðaltali í Reykjavíkurborg. Leikskólastjóri og deildarstjórar eiga þar mikið hrós skilið í þeim þætti. Hinsvegar er það mikið áhyggjuefni, þó það komi síður en svo á óvart, að viðhorf starfsfólks til aðstöðu mælist með einkunnina 2,68 borið saman við meðtal Reykjavíkurborgar sem er 3,77. Foreldraráðið tekur undir með því sem fram kemur að ofan að gríðarlega mikilvægt er nú að nýta tækifærið við framkvæmdir á Koti við að bæta úr þessum þætti.

Foreldraráðið hefur komið ábendingum sem borist hafa frá foreldrum um leikskólastarfið á árinu áleiðis til leikskólastjóra sem hefur tekið við þeim með faglegum og uppbyggilegum hætti. Sem dæmi má nefna fyrirspurn sem barst um notkun skjás í matstofu sem var gjarnan kveikt á á morgnanna þegar börnin fengu sér morgunmat og tilgang þess að vera með myndefni í gangi á sama morgunmatartíma. Þeirri ábendingu var fylgt eftir og fyrirkomulagi breytt þannig skjáinn er eingöngu í notkun í mennta-tengdum tilgangi með börnunum.

Deildarstjórar hafa veitt foreldrum góðar upplýsingar í gegnum starfsárið með vikulegum tölvupóstum þar sem stiklað er á því helsta sem bar á daga barnanna í vikunni. Mikil ánægja er með þessa upplýsingagjöf en ábendingar hafa borist um að enn mætti bæta upplýsingagjöf til foreldra, til dæmis í lok leikskóladags milli starfsfólks og foreldra.

Ekki hefur verið fjallað um hvernig fyrirkomulagi við matseld verið háttað þegar nýtt húsnæði í Koti verður tekið í notkun. Foreldraráðið tekur fram sterka ósk um að áfram verði eldaður matur á staðnum í leikskólanum fyrir börnin og að leikskólastjóri hafi heimild til þess að ráða til sín sömu stöðugildi og hafa varið í áraraðir vegna þessa. Foreldrar hafi komið á framfæri óánægju með núverandi mat sem boðið er upp á. Hollur, góður og næringaríkur matur hefur eitt að aðalsmerkjum leikskólans þar til Skólamatur var tímabundið tekinn upp vegna framkvæmda, og sterk ósk er um að Skólamatur víki fyrir eldhúsi Hálsaskógar þegar framkvæmdum lýkur.

Fulltrúar í foreldraráði: *Lára, Írena, Agnes og Guðbjörg Ásta*





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



